



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Priðjudaginn 21. mars 2017 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 10.00 að Löngumýri í Skagafirði.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjárfestingar og framkvæmdir

a. Samantekt fyrir 2016

Yfirlit um framkvæmdir lá fyrir fundinum þar sem annars vegar er fjallað um áætlaðan og hins vegar raunkostnað við þær fjárfestingar. Heildar fjárfestingahreyfingar námu 62,7 milljónum króna en áætlun gerði ráð fyrir 63,0 milljónum. Sveitarstjóri skýrði samantektina og sveitarstjórn ræddi málið sem var til kynningar.

b. Áætlun 2017

Fyrir fundinum lá samantekt um framkvæmdir ársins þar sem fjallað er um þau verkefni sem áætlað er að framkvæma á árinu. Sveitarstjóri fór yfir hvaða breytingar þurfi að gera á samantektinni miðað við nýjar upplýsingar og ákvarðanir. Sveitarstjóra falið að afla upplýsinga um kostnað og endurgera áætlun um fjárfestingar í ljósi umræðunnar.

2. Gjaldskrá sveitarfélagsins 2017

Fyrir fundinum lá tillaga að gjaldskrá sveitarfélagsins sem sveitarstjóri kynnti.

Sveitarstjórn ræddi gjaldskrána og gerði tillögu að nokkrum breytingum en samþykkti síðan gjaldskrána með áorðnum breytingum.

3. Bjarmanes – uppsögn leigu - auglýsing

Fyrir fundinum lá tölvubréf sveitarstjóra dags. 2 mars sl. til sveitarstjórnar þar sem fjallað er um uppsögn leigjanda á kaffihúsinu Bjarmanesi og fyrirhugaða auglýsingu eftir nýjum leigjanda. Sveitarstjórn staðfesti samþykki sitt á að húsið verði auglýst. Einnig lá fyrir auglýsing um húsið. Sveitarstjórn ræddi málið en umsóknarfrestur er til 10. apríl nk.

4. Bréf

a. Jóhönnu Sigurjónsdóttur, dags. 8. febrúar 2017

Jóhanna segir upp starfi sínu í félagsheimilinu Fellsborg frá og með 1. mars 2017 með þriggja mánaða fyrirvara. Starfslok verða 1. júní 2017.

Bréfið var til kynningar

b. Forsætisráðuneytisins, dags. 3. mars 2017

Með bréfinu er boðað til fundar um þjóðlendur 2. júní nk. á Sauðárkróki.

Bréfið var til kynningar.



c. Styrktarsjós EBÍ, dags. 23. febrúar 2017

Með bréfinu er sveitarfélögum boðið að sækja um í styrktarsjóðinn fyrir verkefnum sem varða sérstakar athuganir eð rannsóknir á ýmsum þróunarþáttum í atvinnulífi, samgöngum, fræðslu- og menningarmálum í aðildarsveitarfélögum EBÍ. Umsóknarfrestur er til aprílloka. Bréfið var til kynningar.

d. Eldstoða ehf. dags. 8. mars 2017

Með bréfinu gera Eldstoðir tilboð í eldvarnareftirlit á þjónustusvæði slökkviliðs Skagastrandar. Sveitarstjóra falið að ræða við Eldstoðir um samning.

5. Fundargerðir:

a. Stjórnar SSNV, 7.03.2017

Fundargerðin var til kynningar

b. Skólanefndar FNV, ódagsett 2017

Fundargerðin var til kynningar

c. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 17.02.2017

Fundargerðin var til kynningar

d. Stjórnar Sambands ísl sveitarfélaga, 24.02.2017

Fundargerðin var til kynningar

6. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum lið

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 12.00

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson